

Sjávrhúsið Látrum Aðlvík

Til : Axel Rodriguez Överby
Frá : Bárður Gísli Hermannsson <bardurgisli@gmail.com>
Heiti : Sjávrhúsið Látrum Aðlvík
Málsnúmer : 2014090019
Málsaðili : Miðvík fasteignafélag ehf.
Skráð dags : 26.02.2019 19:24:17
Höfundur : Bárður Gísli Hermannsson <bardurgisli@gmail.com>

Viðhengi [Fylgirit 10.jpg B jpg - Copy \(2\).jpg](#)[Fylgirit 10.jpg B jpg - Copy \(2\).jpg](#)
[Fylgirit 10.jpg A - Copy \(2\).jpg](#)[Fylgirit 10.jpg A - Copy \(2\).jpg](#)
[Fylgirit 10.jpg C jpg \(1\) - Copy.jpg](#)[Fylgirit 10.jpg C jpg \(1\) - Copy.jpg](#)
[Sjávarhú Skjöl 001 \(1\).tif](#)[Sjávarhú Skjöl 001 \(1\).tif](#)
[001 \(1\).tif](#)[001 \(1\).tif](#)
[7 001.tif](#)[7 001.tif](#)

Sæll Axel Överby .!

Fyrir hönd.

Friðriks Hermannssonar og annar eigenda Sjávarhúsins.

Vísað er til erinda Ísafjarðarbæjar, dags. 18. og 22. janúar, sem send voru Friðrik Hermannssyni, þar sem virðist óskað eftir sjónarmiðum eigenda Sjávarhúss, annars vegar vegna bókunar í fundargerð skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar frá 11. mars 2015 og hins vegar vegna beiðnar eigenda Ólafsskála um sértakt fasteignanúmer.

Hvað varðar erindi, dags. 18. janúar sl. og varðar meintar óleyfisframkvæmdir við svokallað Sjávarhús, er vísað til eftirfarandi sjónarmiða.

Bent er á að í bréfi Ísafjarðarbæjar kemur hvergi fram hvaða meintu óleyfisframkvæmdir það eru sem kemur til greina að krefjast að verði fjarlægðar og er eigendum Sjávarhúss því gert erfitt um vik að færa fram sjónarmið og athugasemdir vegna þessa erindis Ísafjarðarbæjar. Hins vegar er vísað til þess að eigendur Sjávarhúss hafa þegar komið á framfæri skýringum vegna þessa máls, m.a. með bréfum til Ísafjarðarbæjar dags. 20 janúar og 23. febrúar 2015. Að auki er bent á að hluti eigendahóps Sjávarhúss átti fund með bæjarstjóra í apríl 2015 þar sem farið var ýtarlega yfir gögn sem tengjast málinu auk þess sem sjónarmið eigenda Sjávarhússins voru reifuð. Var það skilningur okkar sem fundin sátu af hálfu eigenda

hússins, að bæjarstjóri myndi hlutast til um að leiðrétta þann misskilning sem virtist þá vera uppi um meintar óleyfisframkvæmdir og einnig framkvæmdir við svokallaðan Ólafsskála.

Fyrir hönd eigenda Sjávarhúss er því vísað til framangreindra samskipta, um leið og því er alfarið mótmælt að fyrir hendi séu atvik sem leiða eigi til þess að eigendum hússins verði gert að fjarlægja tiltekna hluta fasteignarinnar, þ.e. svokallaðar óleyfisframkvæmdir, sem ekki hafa verið skýrðar frekar af hálfu Ísafjarðarbæjar. Leyfum við okkur einnig að vísa til þess að nú hafa liðið tæplega fjögur ár frá því að síðustu samskipti vegna þessa máls áttu sér stað milli aðila. Höfum við því staðið í þeirri trú að málinu væri lokið.

Ítrekað er að eigendur Sjávarhúss eru að sjálfsgöðu reiðubúnir til þess að stuðla að því að mál þetta verði leyst á farsælan hátt fyrir alla aðila, auk þess að færa fram frekari gögn eða skýringar, verði eftir því leitað.

Hér þarf að fjalla um beiðni eigenda Ólafsskála um sérstakt fasteignanúmer. Þú segir í pósti til mín að þið, eigendur Sjávarhúss, styðjið eigendur Ólafsskálans í þessu. Er það rétt? Ég held a.m.k. að það sé erfitt fyrir ykkur að leggjast gegn þessu enda hafið þið þegar lýst því yfir að þið eigið ekki jörðina og ef eigendur Ólafsskálans hafa leyfi til byggingarinnar þá er lítið við þessu að segja fyrir ykkur. Hins vega væri kannski rétt að þessu erindi væri beint að eiganda jarðarinnar. Hver er ykkar skoðun á þessu?

Í þessum gögnum eru leyfi frá landeigendun ,
sem eiga landið undir Sjávarhúsinu og lýsing,
þegar eigendur jarðanna á Látrum Aðalvík ,
skipta Látrakambinum á milli sín 1932 í október,
neðst í bréfinu er Guðmundi Pámasyni út hlutað lóð,
þar sem húsið okkar stendur í landi Nes ,
Nesið í eigu Friðriks Magnússonar sem fékk þessa lóð,
sem hann lánaði mági sínum Guðmundi Pálmasyni ,
það hús brann 1938 og var engin bygging þar fyrir,
en Sjávarhúsið var byggt,! Ólafsskálinn það fólk er með skjal ,
sem á ekkert við á þessum stað ,
hlýtur að vera við heimasjóinn eða upp á brekku.

Bestu kveðjur

Bárður Gísli Hermannsson.